

Byggðasafn Dalamanna

Endurbætur á skólahúsi

Samantekt	1
Byggingar á Staðarfelli	2
<i>Skólahúsið</i>	2
<i>Íbúðarhús</i>	2
<i>Rafstöðvarhús</i>	2
<i>Hjallur</i>	2
Kostnaðar- og framkvæmdaáætlun 2021-2030	3
<i>Aðgengi hreyfihamlaðra</i>	3
<i>Brunavarnir og öryggiskerfi</i>	3
<i>Kjallari</i>	3
<i>Salerni í viðbyggingu</i>	4
<i>Jarðhæð</i>	4
<i>Önnur hæð</i>	4
<i>Rishæð</i>	4
<i>Hjallur</i>	4
<i>Kostnaðaráætlun vegna endurbóta á skólahúsinu</i>	5
<i>Framkvæmdaáætlun vegna endurbóta á skólahúsinu</i>	6
Nýting skólahúss – fyrstu drög	7
<i>Lyftuhús</i>	7
<i>Kjallari</i>	7
<i>Jarðhæð</i>	8
<i>Önnur hæð</i>	9
<i>Rishæð</i>	10
<i>Hjallur</i>	11
<i>Íbúðarhús</i>	11
Áhættumat	12
<i>Ytri þættir</i>	12
<i>Innri þættir</i>	13

Samantekt

Byggðasafn Dalamanna er viðurkennt safn og gilda því um það safnalög nr. 141/2011 og reglugerð nr. 900/2013 um viðurkenningu safna. Samkvæmt 11. grein safnalaga nr. 140/2011 er heimilt að veita viðurkenndu safni styrk úr ríkissjóði til að mæta stofnkostnaði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Eitt af skilyrðum 10. greinar safnalaga nr. 141/2011 er að safnið uppfylli skilmála safnaráðs um húsnæði og öryggismál.

Skólahúsið hentar starfsemi Byggðasafns Dalamanna og Héraðsskjalasafni Dalasýslu að mörgu leyti vel. Nægjanlegt rými þarf að vera til sýninga, vinnuaðstöðu starfsfólks, geymslur, funda-/veitingaaðstaða og móttöku gesta og muna. Núverandi húsnæði safnsins er um 300 m². Miðað við óbreytta stærð á sýningarrými má áætla lauslega að annað eins þurfi undir geymslur, vinnuaðstöðu, móttöku, funda-/veitingasal, eldhús og salernisaðstöðu. Starfsemi safna miðast síðan að nokkru við aðstæður á hverjum stað og tíma og hefur núverandi aðstaða ekki hvatt til öflugs safnastarfs í þágu samfélagsins. Í skólahúsinu er tilbúið eldhús og aðstaða til veitinga og viðburða. Þessa aðstöðu hefur vantað á safnið frá upphafi.

Flestir sjá fyrir sér stóra sali þegar kemur að húsnæði fyrir minjasöfn, en síðan fer ákveðinn kostnaður, vinna og hönnun í að skipta sölunum upp í minni rými. Krefst eingöngu annarrar hugsunar við hönnun á sýningum. Hluta herbergja og kjallara undir íbúðarhúsi má einnig nýta sem geymslur. Ekki er þörf á nýbyggingum miðað við áætlaða starfsemi safnsins næstu árin.

Til að uppfylla skilyrði um aðgengi fyrir fatlaða þarf að setja lyftu við húsið. Ætlunin er að byggja sjálfstætt lyftuhús við húsið og rampa á milli, þá á lyftan jafnframt að nýtast sem neyðarútgangur fyrir aðra hæð og ris. Til að nýta lyftubygginginu að fullu er ætlunin að hafa hana að hluta úr gleri þannig að gestir fái að njóta einstaklega fallegs útsýnis yfir á Skógarströnd og eyjasýn fyrir mynni Hvammsfjarðar. Aðrar minni framkvæmdir vegna aðgengis fatlaðra eru salerni á jarðhæð, aðkoma að aðalinngangi, nokkur hurðarop og þröskuldar.

Til að uppfylla skilyrði um brunavarnir þarf að setja inn nýtt brunavarnarkerfi, yfirfara áhættumat með tilliti til starfsemi á hverjum stað, yfirfara brunavarnarhólf, neyðarútganga og örugg svæði fyrir hreyfihamlaða.

Aðrar framkvæmdir eru vegna eðlilegs viðhalds á húsinu og til að lækka rekstrarkostnað þess.

Vegna varðveislu muna þarf að setja upp raka- og hitamæla um allt húsið, varna sólarljósi aðgang að munum og sýningum, ganga frá geymslum í samræmi við kröfur um varðveislu og yfirfara áhættumat m.t.t. starfsemi í hverju brunavarnarhólfi. Þó nokkur kostnaður er síðan við að setja upp sýningar safnsins að nýju. Kostnaður vegna þessara liða fellur ekki undir þessa áætlun.

Ef vel gengur næstu vikurnar ætti að vera hægt að hefja framkvæmdir veturinn 2020/2021 eftir forgangsröðun verkefna og hefja einhverja starfsemi sumarið 2021. Síðan yrði stefnt að því að bæta við sýningum á hverju ári eftir því sem framkvæmdahraði og uppsetningar sýninga gefa tilefni til.

Nokkuð ljóst er að heildarkostnaður við þessar framkvæmdir og kaup á húsinu er nokkur. Hluta af þessum kostnaði er ekki hægt að meta af viti nema með að skoða undir þiljur. Menntamálaráðuneytið borgar um 50% af stofnkostnaði, annað þarf eigandi safnsins að leggja út eða afla styrkja til. Kosturinn er sveigjanleiki í starfsemi og sýningum safnsins þannig að dreifa má þessum kostnaði á 5-10 ár.

Staðarfell er úr alfaraleið flestra og malarvegur. Umferð er metin um 50 bílar á dag yfir árið, 80 bílar á dag yfir sumarið og 35 bílar á dag yfir veturinn. En leiðin verður hluti af Vestfjarðahringnum og ætti það að auka umferð um svæðið.

Staðarfellskirkja er á sama hlaðinu, en aðeins frá. Að öllu jöfnu skarast kirkjulegar athafnir ekki á við sumaropnun safnsins. Nema þá þegar fram fara jarðarfarir. En án efa er hægt að finna sameiginlegan grundvöll milli þessara stofnana til samstarfs og sameiginlegrar uppbyggingar.

Byggingar á Staðarfelli

Eigandi bygginga og lands er ríkisjóður. Heildarstærð bygginga er talin vera um 1.293 m². Brunabótamat er 265.547.000 kr. og fasteignamat 59.810.000 kr. Skólahúsið er hitað með olíu. Möguleikar eru á að lækka kyndikostnað með varmadælum og jarðvarma. Eigin rafstöð er á staðnum ef þörf er á.

Skólahúsið

Grunnflötur skólahússins er 19,6 m x 9,5 m eða 186 m². Heildarflatarmál er um 650 m². Húsið er á þremur hæðum og kjallari. Í húsinu eru 24 herbergi, eldhús, matsalur, þvottahús ofl. Skólahúsið er byggt í þremur áföngum.

Útveggir eru steinsteyptir, einangraðir að innan og múraðir. Steinsteyptur burðarveggur er eftir endilöngu húsinu í kjallara og jarðhæð, þ.e. upp undir gólf annarar hæðar. Steinsteyptir veggir eru flestir 40 cm þykkir. Allir aðrir milliveggir eru úr timbri, flestir um 10 cm þykkir. Öll milligólf eru úr timbri. Gólf á jarðhæð og annarri hæð borin af 5x5" timburbitum, en risið með 3x6" timburbitum. Ekki er ljóst hvað er undir núverandi gólfefnum, né loftklæðningum. Þakrymi er óeinangrað og þakvirki er úr 3x6" timburbitum.

Upphaflega er húsið byggt 1912-1913 af Magnúsi Friðrikssyni og Soffíu Gestsdóttur sem íbúðarhús. Þá var húsið tvær hæðir og kjallari. Grunnflötur var 9,5 m x 10,5 m eða um 100 m². Heildarflatarmál um 300 m². Veggir voru steinsteyptir og timburgólf milli hæða. Er þetta eitt af elstu steinsteyptum íbúðarhúsum í Döllum.

Vorið 1930 var húsið lengt um 9 metra og nær tvöfaldað í stærð og grunnflötur varð sá sem hann er í dag, 186 m². Heildarflatarmál varð þá ríflega 550 m². Árið 1939 var unnið að rafvæðingu á húsinu og var því lokið 1940.

Árið 1948 var rishæðin byggð og stækkaði húsið við það um 100 m². Samhliða nýbygginu og næstu árin voru gerðar ýmsar endurbætur á húsinu, en ekkert viðhald hafði verið á því frá því viðbyggingin reis 1930. Meðal annars endurnýjuð ljósavél.

Á árunum 1963-1966 fóru fram gagngerar endurbætur á skólahúsinu, gluggar endurnýjaðir með tvöföldu gleri, hurðir endurnýjaðar, saumastofa stækkuð, settar svalir, herbergjaskipan breytt og húsið málið að utan sem innan. Komið var fyrir nýjum snyrtiklefum og böðum í nýrri viðbyggingu í sambandi við aðalinngang.

Árið 1996 voru útveggir klæddir með steni klæðningu. Skipt var um glugga og settir harðviðargluggar úr mahony á sama tíma.

Íbúðarhús

Tvö íbúðarhús fylgja. Það eldra var byggt 1969 og er með þremur íbúðum alls 291 m², auk þess er kjallari undir því húsi. Það yngra var byggt 1971 og er með tveimur íbúðum alls 135 m².

Íbúðarhúsin þarfnast nokkurs viðhalds. Úttekt, lausnir og kostnaðargreining ekki verið gerð. Kjallari væntanlega notaður sem munageymslur.

Rafstöðvarhús

Rafstöðvarhús (véla- og verkfærageymsla) er frá 1955, 48 m², með kyndiklefa fyrir olíukyndingu. Byggt var nýtt rafstöðvarhús og aðalrafvél endurnýjuð. Engar breytingar umfram eðlilegt viðhald fyrirsjáanlegar.

Hjallur

Geymsluhúsnæði með kæligeymslu og þurrksvæði frá 1948, alls um 68 m². Frystiklefa var komið upp fyrir skólann 1956. Að frystiklefa undanskyldum er hjallurinn illa farinn og ekki fyrirsjáanleg notkun á honum nema hann verði endurbyggður nokkurn veginn frá grunni.

Kostnaðar- og framkvæmdaáætlun 2021-2030

Þessar áætlanir ná yfir skólahúsið og þær endurbætur sem þarf að gera á því til að Byggðasafn Dalamanna sem viðurkennt safn geti haft starfsemi í húsinu. Í þessari úttekt og áætlunum eru þeir liðir sem falla undir aðgengi, brunavarnir og endurbætur hússins til að það uppfylli skilyrði sem safnahús og falla undir styrkhæfan stofnkostnað viðurkenndra safna. Stærstu kostnaðarliðirnir tengjast aðgengi hreyfihamlaðra og brunavörnum. Hluti kostnaðar er síðan eðlilegt uppsafnað viðhald á hundrað ára byggingu.

Ekki er farið yfir lausnir og kostnað við sérhæfðar lausnir vegna sýninga og varðveislu muna safnins eins og t.d. sólarvarnir og hita- og rakamælingar. Flutningur safnskostnaður, skipulagning og uppsetning sýninga er heldur ekki hluti af þessum áætlunum. Þá eru innréttingar og búnaður í eldhús ekki tekin með. Né heldur aðrar byggingar á staðnum.

Áætlanir miða við að koma sem fyrst á starfsemi í húsinu og bæta við árlega eftir því sem verkinu miðast áfram. En til þess þarf að koma aðgengismálum á jarðhæð í lag, bæði við aðalinngang og salernisaðstöðu.

Eldhús er vegur þungt í áhættumati vegna brunahættu og er því lögð áhersla á að koma því í sérstakt brunahólf og aðrar brunavarnir settar upp þar. Setja þarf upp öryggiskerfi í húsið.

Fyrsta árið er gert ráð fyrir veitingasölu á jarðhæð og takmörkuðum sýningum á sömu hæð. Þá bætist við sýningar á annarri hæð og í kjallara. Leggja þarf áherslu á að finna hagkvæmstu lausnir til kyndingar miðað við aðstæður og lækka þannig rekstrarkostnað hússins. Þegar þessum verkefnum hefur miðað áfram kemur röðin að lyftu og að koma risinu í stand til að hægt sé að setja þar upp baðstofuna og sýningar í risi. Síðast á dagskrá er síðan jarðhæðin, salernisaðstaða og hjallurinn.

Markmiðið er að innan 10 ára verði búið að koma húsinu í það stand að ekki eigi að þurfa að fara í stærri viðhaldsverkefni á byggingunni fyrr en í fyrsta lagi 2050. En endalaust er hægt að finna sér önnur verkefni á staðnum. Til dæmis aðrar byggingar, bílastæði, gönguleiðir og margt annað sem hugmyndaflugið býður uppá.

Aðgengi hreyfihamlaðra

Ganga þarf frá aðalinngangi hússins þannig að hreyfihamlaðir komist inn á safnið. Finna þarf lausn sem uppfyllir þarfir þeirra og skerðir ekki ásýnd hússins.

Mikilvægasta aðgerðin til að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra um hús á fjórum hæðum er að setja lyftu í það. Nýtist hún einnig vel fyrir starfsemi safnsins, til dæmis til að flytja muni milli hæða.

Aðrar framkvæmdir er tengjast þröskuldur, hurðaropum og breidd ganga eru mun minni að umfangi. Þröskuldar eru inn í flest rými og hurðarop að jafnaði 80 cm. Nokkrar hurðir á annarri hæð og í kjallara eru ekki nema 70 cm og þær þarf að breikka ef nota á rými til sýninga. Í risi þarf einnig að gera hjáleid um herbergi þar sem strompur þrengir ganginn. Núverandi salerni henta ekki hreyfihömluðum þar sem þau eru staðsett við stigagang milli hæða.

Salerni fyrir hreyfihamlaða verður sett í köldu búi innaf eldhúsi með því að minnka eldhús og gera nýjan eldvarnarvegg. Ekki er gert ráð fyrir salernum á öðrum hæðum.

Brunavarnir og öryggiskerfi

Setja upp öryggiskerfi með reykskynjurum, vatnsskynjurnum og innbrotskerfi. Leggja þarf áherslu á brunavarnir í eldhúsi þar sem áhættan er mest. Safnið á innbrots- og vatnsviðvörðunarkerfi sem hægt er að flytja milli bygginga.

Kjallari

Hugsanlega þarf að rífa loftklæðningar niður, nema þar sem verða geymslur. Rífa veggklæðningar niður að hluta, framhaldið fer eftir því hvað er undir (mála eða klæða í stíl við sýningar í kjallara). Gólfefni eru alls staðar ónýt.

Salerni í viðbyggingu

Endurskipuleggja þarf salerni í viðbyggingu á milli hæða, gera salerni fyrir starfsfólk, ræstikompu og tryggja að lagnir séu í lagi. Salerni fyrir hreyfihamlaða verður í köldu búri með aðgengi af jarðhæð.

Jarðhæð

Gera þarf eldhús að sérstöku brunahólfi, sbr. kafli um brunavarnir. Gólfefni í borðsal er plastparket, kemur ekki til að hafa langa endingu til viðbótar og þarf því að endurnýja innan 5 ára. Skipta þarf um gluggakistur sem eru í engum takt við annað og aldur hússins. Þarf að mála allt rýmið. Byggja þarf vegg og minnka eldhús til að koma fyrir gangi að salerni hreyfihamlaðra.

Önnur hæð

Gólfefni víðast illa farin og þarf að endurnýja, loftklæðningar eru ósamstæðar og mála þarf öll rými. Fjarlægja þarf salerni á hæðinni.

Rishæð

Fjarlægja loftklæðningar á nýrri hlutanum og opna þannig upp í ris til að baðstofan komist þarna fyrir. Fjarlægja salerni á hæðinni. Opna á milli tveggja herbergja og láta ganga þar, því skorsteinn gerir ganginn of mjóan fyrir hjólastóla. Viljum halda skorsteininum sem hluta af sögu og mynd hússins.

Þarf að skipta um nær öll gólfefni, lausnir eru háðar því hvað finnst undir núverandi gólfefnum og hvaða sýningar verða. Þarf að mála öll rými.

Hjallur

Mest allt burðarvirki og járn á hjallinum er fúíð og þarf að endurnýja. Athuga með að byggja upp hjallinn, óeinangraðan fyrir bát og hlunnindasýningu.

Kostnaðaráætlun vegna endurbóta á skólahúsinu

	Ár	Kostnaður	Samtals
Aðgengi hreyfihamlaðra			
Aðalinngangur	2021	4.000.000	
Lyftuhús og lyfta	2022-2024	26.500.000	
Þröskuldar og hurðarop	2022	1.600.000	
Skorsteinn aðgengi	2025	1.200.000	
Salerni	2021	4.200.000	37.500.000
Brunavarnir			
Öryggiskerfi	2021	5.500.000	
Neyðarútgangar	2024	800.000	
Eldhús brunavarnir	2021	3.500.000	
Eldhús veggur	2021	2.800.000	
Brunahólf	2024	4.500.000	17.100.000
Kjallari			
Loft	2022-2026	4.000.000	
Veggir	2022-2026	4.000.000	
Gólf	2022-2026	2.300.000	
Málun	2022-2026	900.000	11.200.000
Salerni			
Salerni í viðbyggingu	2025	5.500.000	5.500.000
Jarðhæð			
Gólf	2026	4.000.000	
Gluggakistur	2026	1.500.000	
Málun	2026	1.800.000	7.300.000
Önnur hæð			
Gólf	2022	4.000.000	
Loft	2022	2.500.000	
Málun	2022	1.600.000	
Fjarlægja salerni	2022	2.500.000	10.600.000
Rishæð			
Opna upp í ris	2025	7.000.000	
Fjarlægja salerni	2024	1.800.000	
Gólf	2025	4.000.000	
Málun	2025	1.500.000	14.300.000
Annað			
Varmadælur	2022	4.500.000	
Rafmagn yfirlara	2021-2030	5.000.000	
Fráveitur og lagnir	2021-2030	6.000.000	15.500.000
Hjallur			
Niðurrif	2026	500.000	
Endurbygging	2026	6.500.000	7.000.000
Samtals		126.000.000	126.000.000
Ófyrirséð +/- 20%		-25.200.000	25.200.000
Alls		100.800.000	151.200.000

Framkvæmdaáætlun vegna endurbóta á skólahúsinu

	Kostnaður	Samtals	Styrkur 50%	Dalabyggð
Árið 2021				
Aðalinngangur	4.000.000			
Salerni fatlaðra	4.200.000			
Eldhús brunavarnir	3.500.000			
Eldhús veggur	2.800.000			
Öryggiskerfi	5.500.000	20.000.000	-10.000.000	10.000.000
Árið 2022				
Varmadælar	4.500.000			
Þröskuldar og hurðarop	1.600.000			
Önnur hæð	10.600.000			
Kjallari	2.300.000			
Lyftuhús og lyfta	1.000.000	20.000.000	-10.000.000	10.000.000
Árið 2023				
Kjallari	4.500.000			
Lyftuhús og lyfta	15.500.000	20.000.000	-10.000.000	10.000.000
Árið 2024				
Lyftuhús og lyfta	10.000.000			
Neyðarútgangar	800.000			
Kjallari	2.900.000			
Brunahólf	4.500.000			
Ris	1.800.000	20.000.000	-10.000.000	10.000.000
Árið 2025				
Skorsteinn aðgengi	1.200.000			
Ris	5.500.000			
Ris -hækkun	7.000.000			
Kjallari	800.000			
Salerni	5.500.000	20.000.000	-10.000.000	10.000.000
Árið 2026				
Jarðhæð	7.300.000			
Kjallari	700.000			
Hjallur -niðurrif	500.000			
Hjallur -endurbygging	6.500.000	15.000.000	-7.500.000	7.500.000
Árin 2027-2030 / óvissuþættir				
Rafmagn	5.000.000			
Fráveita og lagnir	6.000.000	11.000.000	-5.500.000	5.500.000
Samtals	126.000.000	126.000.000	-63.000.000	63.000.000

Nýting skólahúss – fyrstu drög

Lyftuhús

Byggt verði lyftuhús við vesturgafli hússins sem nýtist fyrir lyftu, sem neyðarútgangur og útsýnispallur. Helst úr gleri frá og með jarðhæð og uppúr með útsýni í austur og suður með útsýni yfir Skógarströnd og eyjar fyrir mynni Hvammsfjarðar.

Kjallari

Gólfplötur kjallara er um 870 cm x 1880 cm, alls 183,5 m². Lofthæð er 190 cm, lægri í eldri hlutanum. Í kjallara er anddyri, gangur, straustofa, miðstöðvarherbergi, þvottahús, vefstofa, línherbergi, sturtur og geymslur. Um helmingur af kjallara verði nýttur sem geymslur og hinn hlutinn undir fastasýningar tengdum grófara handverki, útiverkum ofl. Möguleikar eru á að fjarlægja vegg/veggi milli rýma 0.09/0.11/0.12 og fá þannig stærra samfelld sýningarrými. Ekki tímabært að taka þá ákvörðun á þessum tímamarki. Í sýningarrými í kjallara er tækifæri til að skapa annað andrúmsloft með því að rífa niður loftklæðningar og leyfa bitum að standa óvörðum, þarf þó hugsanlega að taka tillit til brunavarna. Sama á við um gólfefni, en ekki er vitað hvað er hulið undir núverandi gólfefnum. Endurbæta þarf lýsingu með tilliti til nýtingar hvers rýmis og einstakra sýninga.

Anddyri og stigagangur 0.01

Gólfplötur stigapalls er 277 cm x 230 cm, alls 6,2 m² og anddyris 303 cm x 328 cm, alls 9,3 m². Mjög lágt er til lofts í þessum hluta kjallarans. Útidyrhurð er beint neðan við aðalinngang. Óbreytt nýting. Rífa upp loft- og gólfklæðingar. Endurbætur ráðast af því hvað finnst undir.

Gangur 0.02

Gangurinn er 125 cm x 1532 cm og eitt útskot um 1 m², alls um 20 m². Mishátt er til lofts á gangi og er eitt þrep milli byggingahluta. Rífa þarf loft- og gólfklæðingar. Endurbætur ráðast af því hvað finnst undir. Nauðsynlegt er að halda greiðri leið um gang að neyðarútgang og þarf því að gera þetta eina stigaprep hjólastólafært sem og útidyrhurð.

Snyrting/viðbygging 0.03

Gólfplötur viðbyggingar er 403 cm x 564 cm, alls 22,7 m². Snyrting á stigapalli eru 17,2 m² og kalt búr á jarðhæð 5,5 m². Salernisaðstaða er á milli hæða og nýtist því ekki hreyfihömluðum. Þeirri aðstöðu verður komið fyrir í köldu búri (228 cm x 243 cm) í sömu viðbyggingu, en innan af eldhúsi á jarðhæð. Þarf að endurskipuleggja salernisaðstöðu til að bæta nýtingu og gera þrif skilvirkari. Í frumdrögum er gert ráð fyrir að salerni starfsólks og ræstikompa verði í skotinu bak við kalda búrið (231 cm x 160 cm, alls 3,7 m²) og í því rými sem eftir (423 cm x 373 cm, alls 15,7 m²) er ættu að komast fyrir 3-4 salerni og vaskar.

Fundarherbergi/straustofa 0.04

Gólfplötur er 290 cm x 428 cm, alls 12,4 m². Lágt er til lofts í þessum hluta. Var líklega áður fundarsalur Fellsstrandarhrepps. Undir veggklæðningum gætu leynst viðarklæðningar úr gamla torfbænum á Staðarfelli er byggður var 1802, samkvæmt heimildum frá Magnúsi Friðrikssyni.¹ Herbergið hentar hvort sem er til sýninga eða sem geymsla. Verður tekið til sýninga ef áður nefndar viðarklæðningar finnast. Rífa upp loft- og gólfklæðingar. Framhaldið ræðst af því hvað finnst undir. Mála þarf vegg og setja upp hillur ef nýta á sem geymslu fyrir muni.

¹ Magnús Friðriksson 1957. Bls. 165. "Í apríllök fluttum við í húsið. Eftir það var gamli bærinn rifinn. Allar ófúnar þiljur úr honum voru hafðar í húsið. Stór stofa í kjallara þess var þiljuð með timbri úr bænum. Var sú stofa hin prýðilegasta og höfð fyrir fundarsal hreppsins öll árin, sem ég var húsbóndi á Staðarfelli, þeim stað, sem mér hefur þótt vænna um en nokkurn annan, þar sem ég hef dvalið um ævina."

Búr 0.05

Gólfplötur er 494 cm x 277 cm, alls 13,7 m². Áæltanir eru um að nýta þetta rými sem munageymslu. Mála þarf veggi og setja inn hillur. Lagnir eru í kompu meðfram stigagangi hafa áhrif á nýtingu.

Kyndiklefi 0.06

Gólfplötur er 308 cm x 432 cm, alls 13,3 m². Var áður kyndiklefi og er gengið inn utanfrá, engin tenging við rýmið innanhúss. Verður nýtt sem geymsla fyrir starfsemi safnsins eða muni.

Geymsla 0.07

Gólfplötur er 256 cm x 277 cm, alls 7,1 m². Stór kælir í geymslunni og búið að skerða burðarbita til að koma honum fyrir. Verður áfram nýtt sem kælir og geymsla á rekstrarvörum safnsins. Rífa restina af loftklæðningunni, þetta með lofti og mála geymslu.

Þvottahús 0.08

Gólfplötur er 244 cm x 432 cm, alls 10,5 m². Verður líklegast nýtt sem munageymsla. Rífa þarf út innréttingar, flísar og fleira. Mála og setja inn hillur.

Geymsla 0.09

Gólfplötur er 180 cm x 277 cm, alls 5 m². Sýningar tengdar smíðum og öðrum útiverkum. Möguleikar á að fjarlægja vegg/veggi milli rýma 0.09/0.11/0.12. Rífa loft- og gólfklæðningar og framhaldið fer eftir því hvað finnst undir. Mála eða gróflæða vegg m.t.t. sýninga sem verða í rými.

Vefstofa 0.10

Gólfplötur er 850 x x 432 cm, alls 36,7 m². Verður nýtt til sýninga á munum tengdum smíðum og/eða útiverkum. Mála eða gróflæða vegg m.t.t. sýninga sem verða í rými.

Sturtur 0.11

Gólfplötur er 268 cm x 277 cm, alls 7,4 m². Sýningar tengdar smíðum og/eða útiverkum. Rífa þarf út sturtur og aðrar innréttingar. Rífa loft- og gólfklæðningar og framhaldið fer eftir því hvað finnst undir. Mála eða gróflæða vegg m.t.t. sýninga sem verða í rými.

Línherbergi 0.12

Gólfplötur er 377 cm x 277 cm, alls 10,4 m². Opið rými tengt lyftudyrum og sýningar. Rífa loft- og gólfklæðningar og framhaldið fer eftir því hvað finnst undir. Mála eða gróflæða vegg m.t.t. sýninga sem verða í rými.

Jarðhæð

Gólfplötur jarðhæðar er um 870 cm x 1880 cm, alls 183,5 m². Lofthæð er 270 cm. Á jarðhæð er aðalinngangur, anddyri, stigagangur, eldhús, setustofa, borðstofa, prestastofa ofl. Á jarðhæð er gert ráð fyrir veitingasölu, móttöku hópa, fundaaðstöðu, sýningum og öðru tilfallandi.

Anddyri 1.01

Grunnplötur stigagangs og anddyris er 230 cm x 640 cm, alls 14,7 m². Stigagangur 7,4 m² og anddyri 7,3 m². Þar er aðalinngangur hússins, stigagangur á aðra hæð og ris, hurð inn í eldhús og önnur í setustofu. Utandyra þarf að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra að aðalinngangi. Anddyrið er fulllitið og þarf að ganga þannig frá að eðlilegt flæði sé þar um. Hugsanlega þarf að gera smávægilegar breytingar við frágang á hurðaropi og hurð inn í setustofu.

Gangur 1.02

Óbreyttur gangur úr eldhúsi í borðstofu. Setja brunavarnarhurð milli eldhúss og borðstofu við steinvegginn.

Kalt búr 1.03

Köldu búri verði breytt í salerni fyrir fatlaða. Eldhúsið verði minnkað sem nemur gangi og settur brunavarnarveggur til að eldhús verði að sérstöku brunahólfi. Sjá nánari umfjöllun um salerni í kafla um viðbyggingu 0.03 í kjallara.

Setustofa 1.04

Gólfplötur setustofu er 760 cm x 432 cm, alls 32,8 m². Setustofa og borðstofa gegna hlutverki gestamóttöku, veitinga, sýninga, funda og annarrar starfsemi á safninu. Hugsanlega verður opnað aftur fyrir hurð milli eldhúss og setustofu. Skipta þarf um gólfefni, gluggakistur, mála og fleira.

Eldhús 1.05

Gólfplötur eldhúss er núna 550 cm x 420 cm, alls 23,1 m². Eldhúsið verður minnkað sem samsvarar gangi að salernum fatlaðra (10,5 m²) og verður eftir breytingar 12,6 m². En á móti kemur að reiknað er með að skrifstofa 1.07 bætist við sem starfsaðstaða í eldhúsi. Hugsanlega verður opnað aftur fyrir hurð milli eldhúss og setustofu. Setja þarf brunavarnarhurð milli eldhúss og gangs þannig að að eldhúsið verði sérstakt brunahólf.

Borðstofa 1.06

Gólfplötur borðstofu er 850 cm x 432 cm, alls 36,7 m². Setustofa og borðstofa gegna hlutverki gestamóttöku, veitinga, sýninga, funda og annarrar starfsemi á safninu. Skipta þarf um gólfefni, gluggakistur mála og fleira.

Skrifstofa 1.07

Gólfplötur er 200x 285 cm, alls 5,7 m². Var áður hluti af eldhúsinu 1.05, en var á tímum SÁÁ nýtt sem skrifstofa. Verður aftur breytt í búr/vinnuaðstöðu fyrir eldhús. Setja þarf eldvarnarvegg milli eldhúss/skrifstofu og borðstofu starfsmanna til að eldhús verði sérstakt brunahólf.

Gangur 1.08

Gólfplötur er 125 cm x 1040 cm, alls 13 m². Þar af tekur stigi á aðra hæð 6,2 m². Setja þarf eldvarnarhurð milli eldhúss og gangs til að eldhús verði sérstakt brunahólf. Hugsanlega verður opnað aftur fyrir hurð milli gangs og prestastofu 1.10 við svalahurð. Tryggja að aðstaða við lyftuhús uppfylli skilyrði um nægjanlegt rými til að athafna sig á hjólastól. Undir stiga er skápur fyrir leirtau.

Borðstofa starfsfólks 1.09

Gólfplötur er 267 cm x 285 cm, alls 7,6 m². Reiknað með óbreyttri nýtingu og innréttingum, þarf þó að mála og hugsanlega að skipta um gólfefni þegar liggur vel við höggi.

Prestastofa 1.10

Gólfplötur er 573 cm x 285 cm, alls 16,3 m². Hurð er bakvið þiljur milli gangs og prestastofu við svalahurð. Athyglisvert rými á jarðhæð sem býður upp á marga möguleika til nýtingar.

Önnur hæð

Gólfplötur jarðhæðar er um 870 cm x 1880 cm, alls 183,5 m². Lofthæð er 265 cm. Á annarri hæð er íbúð forstöðukonu, bókasafn, saumastofa, snyrting og 4 herbergi. Önnur hæðin verður nýtt fyrir sýningar, bæði grunnsýningar og tímabundnar sérsýningar. Þá er reiknað með að skrifstofa safnvarðar verði þar og að hluta til geymslur. Endurbæta þarf lýsingu með tilliti til nýtingar hvers rýmis og einstakra sýninga.

Stigapallur 2.01

Grunnplötur er 240 cm x 537 cm, alls 12,9 m².

Íbúð forstöðukonu 2.02

Gólfplötur 485 cm x 333 cm, alls 16,2 m². Skrifstofa og vinnuherbergi safnvarðar og starfsmanna. Útsýni niður á veg og á hlaðið sem er kostur á lágannatíma.

Gangur 2.03

Gólfplötur er 1640 cm x 180 cm, alls 29,5 m². Óbreytt nýting. Fjarlægja skápa af ganginum, gólfefni, loftefni og mála.

Herbergi 2.04

Gólfplötur er 211 cm x 392 cm, alls 8,3 m². Herbergið verði nýtt til sýninga eða sem munageymsla

Bókasafn 2.05

Gólfplötur er 406 cm x 298 cm, alls 12,1 m². Rýmið verði nýtt til sýninga.

Herbergi 2.06

Gólfplötur er 277 cm x 392 cm, alls 10,9 m². Herbergið verði nýtt til sýninga eða sem munageymsla

Bað 2.07

Gólfplötur er 344 cm x 298 cm, alls 10,3 m². Herbergið verði nýtt til sýninga eða sem munageymsla

Herbergi 2.08

Gólfplötur er 305 cm x 392 cm, alls 12,0 m². Var hluti af saumastofunni. Með því að taka niður vegg og sameina með herbergi 2.10 fæst aftur saumastofan. Skápar í herbergi eru úr gömlu saumastofunni og þar var geymt allt efni og annað sem þurfti til handavinnukennslu. Inni í skápnum má síðan sjá glugga úr upphaflega húsinu 1912. Herbergið verði nýtt til sýninga.

Herbergi 2.09

Gólfplötur er 253 cm x 298 cm, alls 7,5 m². Herbergið verði nýtt til sýninga eða sem munageymsla. Gluggi úr elsta hluta hússins er á mótis við herbergi 2.07.

Herbergi 2.10

Gólfplötur er 263 cm x 392 cm, alls 10,3 m². Var hluti af saumastofunni. Með því að taka niður vegg og sameina með herbergi 2.08 fæst aftur saumastofan. Herbergið verði nýtt til sýninga.

Herbergi 2.11

Gólfplötur 292 cm x 298 cm, alls 8,7 m². Herbergið verði nýtt til sýninga eða sem munageymsla

Herbergi 2.12

Gólfplötur 290 cm x 392 cm, alls 11,4 m². Herbergið verði nýtt til sýninga eða sem munageymsla

Herbergi 2.13

Gólfplötur 295 cm x 298 cm, alls 8,8 m². Herbergið verði nýtt til sýninga eða sem munageymsla

Rishæð

Stærð gólfplatar er 1880 cm x 650 cm, alls um 122 m². Hæsta lofthæð er 255 cm og er allt rými undir súð nema á gangi. Á tímum húsmæðraskólans voru 9 heimavistarherbergi fyrir 20 nemendur, gestaherbergi og snyrtiherbergi í risinu. Herbergin voru múrhúðuð að innan.² Áætlanir gera ráð fyrir að baðstofu yrði komið fyrir í nýrri hlutanum. Til að ná nægjanlegri lofthæð þarf að taka niður alla milliveggi og loftklæðningar og einangra og klæða risið upp á nýtt. Grunnssýningar og geymslur yrðu síðan í eldri hlutanum. Skorsteinn er á á ganginum og þrengir hann um gönguleið þannig að gera þarf hjáleið um herbergi fyrir hjólastóla. Því þarf að opna milli herbergja 3.07 og 3.05 eða 3.06 og 3.04. Endurbæta þarf lýsingu með tilliti til nýtingar hvers rýmis og einstakra sýninga.

Stigapallur 3.01

Stærð 230 cm x 395 cm, alls 9,1 m².

² Húsameistari ríkisins. 1963.

Herbergi 3.02

Stærð gólfplatar er 308 cm x 255 cm, alls 7,8 m². Gengið inn í herbergið beint af stigagangi. Herbergið verði nýtt til grunnsýninga eða sem munageymsla

Gangur 3.03

Stærð gólfplatar er 1450 cm x 155 cm í eldri hlutanum og 147 cm breiður í yngri hlutanaum, alls 21,73 m². Skorsteinn er á á ganginum og þrengir hann um gönguleið þannig að gera þarf hjáleið um herbergi fyrir hjólastóla. Því þarf að taka opna rými milli herbergja 3.07 og 3.05 eða 3.06 og 3.04. Herbergið verði nýtt til grunnsýninga eða sem munageymsla

Herbergi 3.04

Stærð gólfplatar er 340 cm x 255 cm, alls 8,67 m². Þarf hugsanlega að sameina herbergi 3.06 fyrir hjólastólaaðgengi framhá skorsteini. Herbergið verði nýtt til grunnsýninga eða sem munageymsla

Snyrtin 3.05

Stærð gólfplatar er 265 cm x 240 cm, alls 6,36 m². Herbergið verði nýtt til grunnsýninga eða sem munageymsla. Þarf hugsanlega að sameina herbergi 3.07 fyrir hjólastólaaðgengi framhá skorsteini. Herbergið verði nýtt til grunnsýninga eða sem munageymsla

Herbergi 3.06

Stærð gólfplatar er 251 cm x 255 cm, alls 6,40 m². Þarf hugsanlega að sameina herbergi 3.04 fyrir hjólastólaaðgengi framhá skorsteini. Herbergið verði nýtt til grunnsýninga eða sem munageymsla

Herbergi 3.07

Stærð gólfplatar er 250 cm x 240 cm, alls 6,00 m². Þarf hugsanlega að sameina herbergi 3.05 fyrir hjólastólaaðgengi framhá skorsteini. Herbergið verði nýtt til grunnsýninga eða sem munageymsla

Herbergi 3.08 – 3.13

Ef setja á baðstofu í ris þarf að taka niður alla millivegg og loft þannig að úr yrði einn salur úr herbergjum 3.08, 3.09, 3.10, 3.11, 3.12 og 3.13. Heildarstærð gólfplatar yrði þá 955 cm x 670 cm, alls 64 m².

Herbergi 3.08 gólfplötur er 358 cm x 255 cm, alls 9,13 m².

Herbergi 3.09 gólfplötur er 360 cm x 248 cm, alls 8,93 m².

Herbergi 3.10 gólfplötur er 267 cm x 255 cm, alls 6,81 m².

Herbergi 3.11 gólfplötur er 270 cm x 248 cm, alls 6,70 m².

Herbergi 3.12 gólfplötur er 306 cm x 255 cm, 7,80 m².

Herbergi 3.13 gólfplötur er 305 cm x 248 cm, alls 7,56 m².

Hjallur

Nær allur viður í hjallinum er fúinn og þarf því að rífa hann niður áður en slys verða af. Eftir stendur þá steinsteypt hús með frysti í. Ef hjallur væri endurbyggður mætti setja þar inn bátinn og hafa hlunnindasýningu.

Íbúðarhús

Kjallari undir húsi nýtist sem geymsla fyrir söfnin. Ekki hefur verið gerð samantekt um viðhaldspörf né nýtingamöguleika íbúðarhúsanna.

Áhættumat

Áhættumat er grunnurinn að neyðaráætlun, framkvæmdaáætlun og forgangsröðun verkefna.

Ytri þættir

Áhætta á tjóni vegna ytri þátta er óveruleg hvort sem um náttúruhamfarir eða annað er að ræða. Ekki er því talin ástæða að gera sérstaka neyðaráætlun vegna þessara þátta umfram hefðbundnar varúðarráðstafanir.

Eldgos

Staðsetning safnsins er utan virkra eldfjalla. Næstu virku eldfjöll eru á Snæfellsnesi, en þau hafa ekki gosið á sögulegum tíma. Öskufall hefur verið óverulegt í Dölum við eldgos lengra frá. Því er ekki talin ástæða til að gera sérstaka neyðaráætlun vegna eldgosa.

Jarðskjálftar

Staðsetning safnsins er utan virkra jarðskjálftabelta og merkjanlegir jarðskjálfta fátíðir á svæðinu. Elsti hluti byggingarinnar er frá 1913 og ber engin ummerki jarðskjálfta. Því ekki talin ástæða til að gera sérstaka neyðaráætlun vegna jarðskjálfta, þ.e. umfram hefðbundnar varúðarráðstafanir með veggfestingum og staðsetningu brothættra muna.

Ofanflóð

Árið 2011 var tekin saman listi yfir öll þekkt snjóflóð í Dölum af Byggðasafni Dalamanna og engar heimildir fundust fyrir snjóflóðum úr hlíðinni ofan við húsmæðraskólann. Þekkt eru lítil snjóflóð og grjóthrun utar á hlíðinni. Því er ekki talin ástæða til að gera sérstaka neyðaráætlun vegna ofanflóða.

Flóð

Styðsta loftlína til sjávar er um 200 metrar. Skólahúsið liggur í um 60 metra hæð yfir sjávarmáli á gömlum sjávarkambi og því lítil hætta á ágangi sjávar, flóðbylgjum eða öðru tjóni. Stysta loftlína í vatnsfall eru tæpir 250 metrar. Önnur vatnsföll, vötn og tjarnir eru enn lengra frá. Smálækur milli hlaðs og kirkju sem getur bólgnað aðeins upp í vatnavöxtum. Þarf að endurnýja ræsi á honum til að hann renni ekki niður heimreiðina. Ekki er talin ástæða til að gera sérstaka neyðaráætlun vegna vatnsflóða frá sjó, vötnum og vatnsföllum vegna staðsetningar bygginga og fjarlægðar.

Veður

Eldingar, ísing og hvassviðri eru afar sjaldgæf veðurfyrirbæri á Staðarfelli. Aftur á móti geta orðið nokkur snjóþyngsli og leysingar. Ekki hafa þó orðið vandamál í kjallara vegna leysingavatns. Ekki er talin ástæða til að gera sérstaka neyðaráætlun vegna veðurs, en kannað verður hvort gera þurfi frekari ráðstafanir vegna snjóa og leysingavatns.

Gróður- og dýraríki

Tvö tré er á lóðinni í um 20 metra fjarlægð frá skólabyggingunni, en ná ekki þeirri hæð að lenda á skólahúsinu. Tún (gras) liggur að byggingunni að hluta og er slegið reglulega þannig að ekki verður sinumyndun og hætta á sinubrunum. Fuglalíf er á staðnum, en ekki þekkt staðsetning hreiðra og hvort fuglar gera sig heimkomna inni í byggingum. Mýs komast yfirleitt inn sé nokkur smuga, en ekki hefur orðið vart við músagang í byggingunum eftir að SÁÁ fór úr húsinu á útmánuðum 2018. Ekki þykir því ástæða til að gera sérstaka neyðaráætlun vegna þessara þátta.

Annað

Varðandi aðra áhættuþætti sem huga þarf er að bílastæði eru nær byggingu en 30 metrar. Ekki er hita-, raka, loftræsti eða loftjöfnunarkerfi í safnrými.

Innri þættir

Hér er farið yfir helstu þætti innanhúss sem hafa áhrif á neyðaráætlun. Erfitt er að meta alla þá þætti fyrirfram. Safna þarf gögnum um hita- og rakasveiflur til að gera áætlanir um endurbætur, loftræstingu, vörslu muna og fleira.

Byggingar

Engir hafa fundist sérstakir áhættuþættir vegna byggingar. Lágmarka þarf vatns- og frárennislagnir á öðrum hæðum en jarðhæð. Setja þarf upp sólarvarnir í glugga.

Bruni

Setja upp nýtt brunavarnarkerfi. Mesta hættu á bruna er í eldhúsi, því þarf að gera sérstakar ráðstafanir þar. Fjölga þarf brunavarnarhólfum. Endurskipuleggja neyðarútganga.